

Úr dagbókum Hannes Thorsteinsson, bankastjóra Íslandsbanka

Formáli Ólafs Sigurðssonar

Dagbækur þær sem hér er vitnað til fann ég í gögnum tengdaföður míns Birgis Kjarans að honum látnum. Hannes var ömmubróðir Birgis, ógiftur og barnlaus. Fyrir tilviljun fór ég að fletta þeim og fann þú allmargar tilvitnanir í Sighvat Bjarnason, sem ég skrifaði upp. Dagbækurnar voru afhentar handritadeild Landsbókasafnsins (handrit.is) til varðveislu árið 2003.

- 1916, Apríl 16, Pálmasunnudagur. „Jeg reið með **Sighvati Bjarnasyni**, bankastjóra upp að Árbæ. Sumarveður sól og bjart. Færðin sem á sumardegi”
- 1916, Maí 7. „Í formiðdag reið ég upp að Árbæ með **Sighvati Bjarnasyni**, bankastjóra. Glaðasólskin og norðankaldi”
- 1918, Nóvember 6. „Í Íslandsbanka mættu allir sömu starfsmennirnir, sem voru þar í gær. Hafði enginn þeirra orðið veikur eins og leit úr fyrir í gær. Voru þannig í bankanum í dag: **Sighvatur Bjarnason**,”
- 1918, Nóvember 8: „Þrír starfsmenn höfðu fallið í valinn.. Eftir voru við fjórir: **Sighvatur Bjarnason**, gjaldkerinn, Jón Egilsson og ég.”
- 1921, Janúar 23. „Rétt fyrir jólin veiktist **Sighvatur Bjarnason** í Kaupmannahöfn alvarlega. Frjettir af honum hafa aðeins komið í símskeytum, af því er ég veit, því póstur með skipi hefur ekki komið þaðan síðan. Frétt hvað hafa komið seinna um að hann hafi verið eitthvað betri. En því miður eru víst litlar vonir um að hann geti tekið aftur við bankastjórastöðunni. Kona hans og **Bjarni** sonur hans sigldu með s/s Íslandi 1. jóladag til þess að vera hjá honum.”

Úr dagbókum Hannes Thorsteinsson, bankastjóra Íslandsbanka

- 1921, Febrúar 8. „Fyrir tæpri viku kom **Bjarni Sighvatsson** aptur með sís Íslandi frá Kaupmannahöfn. Sagði hann að faðir hans, **Sighvatur Bjarnason**, væri orðinn betri og ekkert óráð á honum lengur. En að hann væri þreyttur og slappur, sem von er til. Hafði **Sighvatur** verið opereraður í nefinu (væntanlega hefur hann haft polypa) og fékk svo upp úr því heimakomu (Rosen). Hefur Bjarni það eftir dönsku læknum að **Sighvatur** hafi verið svo nervös, að hann hafi ekki þolað svævinguna og hafi af því - og í sambandi við heimakomuna - orðið ruglaður.”
- 1921, Maí 2. „**Sighvatur Bjarnason** tók aftur til starfa í bankanum. En ekki var hann þar lengur en í 2 tíma eða frá 10-12. Hann ætlar sér að vera í bankanum í 2 tíma á dag, að minnsta kosti til að byrja með. Treystir sér ekki að svo komnu að vera þar lengur á dag.”
- 1921. Október 30. „Meðan ég var á Akranesi höfðu engar fréttir borist þaðan úr Reykjavík.. Jeg var varla stigin á land fyrr en einhver,sem ég nú ekki man hver var, fræddi mig á því á bryggjunni að Eggert Claessen væri skipaður bankastjóri í Íslandsbanka frá 1. júní það ár. og **Sighvatur Bjarnason** hefði fengið laun frá sama tíma og væri Eggert Claessen tekinn til starfa í bankanum. Þegar ég fór upp á Akranes vissi enginn um þetta í bankanum, hvorki Tofte, **Sighvatur** né ég. Við Tofte vissum að vísu, að **Sighvatur** var búinn að sækja um lausn og líka vissum við að Eggert Claessen væri kandidat til stöðunnar og talið víst að hann fengi hana. En engann grunaði að þetta gengi svona fljótt. Þegar maðurinn sagði mér á bryggjunni að allt væri nú klappað og klárt trúði ég því ekki. Þesskonar hefur ekki verið vant að ganga svo fljótt fyrir sig í bankanum. En brátt gekk ég úr skugga um að allt var þetta satt. Jeg kom samt ekki í bankann þennan fag. Hvíldi mig heima þá tíma sem eftir voru af starfstíma bankans þennan dag. Næsta dag fór ég svo í bankann. Var þá Claessen þar, en **Sighvatur** allur á burtu. Eftir því sem ég kemst næst kom **Sighvati** sjálfum mjög á óvart, að fá svona lausn með kveldfresti. Hann hafði að vísu beðið um að fá lausn sem fyrst. En datt víst ekki í hug að það yrði fyrr en 1. júlí, að minnsta kosti ekki að það yrði svona skyndilega. Enda hefur það ekki verið venja áður, þegar bankastjórastaðan hefur staðið auð mánuðum og jafnvel árum saman, þegar Hannes

Úr dagbókum Hannes Thorsteinsson, bankastjóra Íslandsbanka

Hafstein var að koma og fara úr bankastjórasetinu á víxl. En manni verður samt á að láta sér detta í huga að miklu leyti hefur nú skjálfsagt ráðið, að Jón Magnússon vildi hafa Claessen.”

- 1926. Október 27. „Í gær átti frú **Þorbjörg Sighvatsdóttir**, móðir **Sighvats Bjarnasonar** fyrrverandi bankastjóra, 98 ára afmælið sitt. Jeg sendi henni hamingjuóskasímskeyti. Til skamms tíma hefur hún haft og hefur víst enn fullt minni og kvað fylgja vel með því sem gjörist daglega hjer í bæ og spyrja ýmissa fréttu. Heilsa hennar mun og vera góð eftir því sem búast má við á svo háum aldri. En hún hefur legið mest í rúminu síðustu árin. Fékk byltu fyrir mörgum árum og þótt hún skaddaðist ekki af henni vað hún hrædd við að vera á ferli eftir það.”
- 1926. Desember 27. „Í dag frétti ég fyrst að **Sighvatur Bjarnason**, fyrrv. bankastjóri er veikur. Sendi ég strax til að vitja um hann. Hann hafði fengið infúensu 7 þ.m. Farið of snemma út og fengið blöðrubólgu..En er nú að frískast, verið 2 síðustu daga ögn á fótum.”
- 1927. Janúar 8. „Í gær sendi ég til þess að vitja um **Sighvat Bjarnason**. Fyrir svo sem viku versnaði honum aptur og hafði stúlkan þar í húsinu sagt að að svo virtist sem heldur drægi af honum.”
- 1927. Apríl 12. „Nokkru eftir að hann (Páll mágur minn) var farinn kom **Sighvatur Bjarnason** fyrrv. bankastjóri til mín, í fyrsta sinn eptir veikindi sín. Hann er nú orðinn frískur aftur og búinn að fá sama útlit aftur, fyrir veikindin. Hann fer nú allra sinna ferða og hefur gjört í nokkurn tíma. Jeg sá hann um daginn út um gluggan og var hann að sjá jafnléttur á fæti og áður. Hann gengur alltaf hratt.”
- 1927. Ágúst 1. ---- Langar vangavelur um eftirlaun hjá Íslandsbanka.--- „**Sighvatur Bjarnason** hafði þá 6000 kr. eptirlaun -----“

Úr dagbókum Hannes Thorsteinsson, bankastjóra Íslandsbanka

- 1927. Ágúst 1 „Í dag eru 30 ár liðin frá því að Oddfellowstúkan Ingólfur No.1 í Íslandi var stofnuð.Af stofnendum stúkunnar eru nú tveir á lífi. Þeir Guðmundur Björnsson, landlæknir og **Sighvatur Bjarnason** fyrrv. bankastjóri. Ég gekk inn í Ingólf í maí 1899”
- 1927. Október 28. „Um kl. 11 f.h. í gær varð **Sighvatur Bjarnason** fyrrv. bankastjóri fyrir reiðhjóli í Bankastræti. (neðarlega í Bakarabrekkunni). Særðist á höfði og marðist á mjöðm. **Sighvatur** ætlaði að fara skáhalt yfir götuna, en í því kom maður niður götuna á fleygiferð og lenti á honum aptan að. - Það er alveg óforsvaranlegt hvernig menn eru farnir að keyra ógætilega hér í bænum, bæði á reiðhjólum og á bílum, og mesta mildi að ekki hafa orðið meiri slys af. Í gær hafði maður úr Rangárvallasýslu verið keyrður yfir af bíl á Fríkirkjuvegi. Maðurinn kvað hafa dáíð af meiðslunum.” [Sjá blaðagrein í Mbl. 28.10.1927]
- 1928. Janúar 29. „**Sighvatur Bjarnason**, fyrrv. bankastjóri, tilkynnir með auglýsingu í Morgunblaðinu í dag, andlát móður sinnar í gær. (28. þ.m.) að morgni. Hún var komin á 100. árið. (fædd 26. okt. 1828) **Þorbjörg sáluga Sighvatsdóttir** var fædd á Melum á Kjalarnesi, segir í grein um hana í Morgunblaðinu í dag.”
- 1928. Maí 4. „Rétt sem hann var að fara kom **Sighvatur Bjarnason**, fyrrv. bankastjóri, líka til þess að þakka fyrir ársritið, sem ég sendi honum. Jeg hef ekki séð hann síðan fyrir áfallið í haust af hjólhestinum; eptir að honum batnaði það var hann búin að vera nokkuð á ferli, tók blóðrubólga, sem hann hafði legið í áður, sig upp aftur. Segist hann nú vera orðinn nokkurn veginn góður. En mér sýnist hann hafa gefið nokkuð á milli síðan ég sá hann í haust.”

Úr dagbókum Hannes Thorsteinsson, bankastjóra Íslandsbanka

- 1929. Janúar 25. „Þorri byrjar í dag með sama góðviðrinu og verið hefur undanfarið. **Sighvatur Bjarnason** verður 70 ára í dag. Oddfellowar halda honum veislu í kvöld. Því miður get ég, sakir lasleika, ekki verið með. Jeg treysti mér heldur ekki til að fara heim til hans í formiðdag. Jeg varð að láta mér nægja að senda honum heillaóskaskeyti. **Sighvatur** er enn vel ern og léttur á fæti, en samt sýnist mér hann hafa elst töluvert á síðastliðnu ári og er það víst mest að kenna þeim áföllum, sem hann hefur fengið síðustu árin (sérstaklega þegar maðurinn á hjólhesti keyrða á hann)”
- 1929. Ágúst 30. „**Sighvatur Bjarnason**, fyrrv. bankastjóri dó í nótt eða morgun. Almenn flöggun í hálfu stöng í bænum (þar á meðal stjórnarráðshúsið og lærði skólinn). Þetta dauðsfall kom mér mjög á óvart. Jeg hafði ekkert heyrt um að hann væri veikur og á mánudaginn var, 26. þ.m. eða kannski það hafi líka verið 27. þ.m. gekk ég kl um 9 e.h. út og niður að Austurvelli til þess að sjá hvernig sauðnautunum liði þar. Eftir að ég hafði staðið þar nokkur augnablik við grindurnar kringum völlinn kom **Sighvatur** og konan hans gangandi til mín og staðnæmdust hjá mér. Stóðum við þar og töluðum saman dálitla stund, gengum svo að krikjunni og skildum þar. Þau hjónin fóru í austur (líklega heim til sín) en ég í vestur. **Sighvatur** var nokkuð alvarlegur, en þó ekki svo að mér dytti í hug að hann væri lasinn eða að nokkuð gengi að honum. Annast leit hann vel út. Hann spurði mig nokkuð um sjúkdóm og andlát Andersens, sem bar að höndum eptir að **Sighvatur** var farinn norður í kynnisför til dóttur sinnar þar. Annars töluðum við saman um daginn og veginn, eins og gengur og gjörist. Datt mér þá síst af öllu í hug að þetta væri síðasta sinnið,sem ég sá hann.
- 1929. Ágúst 31. Í Morgunblaðinu í dag er löng grein um **Sighvat Bjarnason** með mynd. **Sighvatur Bjarnason** dó í svefni. Hafði ekki kennt sér neins sérstaks lasleika á undan, svo menn vissu af og hafði verið á gangi eins og vant var deginum áður.

Úr dagbókum Hannes Thorsteinsson, bankastjóra Íslandsbanka

- 1929. Sept. „**Sighvatur Bjarnason** bankastjóri var jarðaður í dag. Húskveðjan var í heimahúsum kl. 1 e.h. en kirkjuathöfnin fór fram í Fríkirkjunni með því að ekki er en þá lokið viðgerðinni (málun eða hvað það nú er) á Dómkirkjunni innanhúss. Í fyrradag kom Magnús Guðmundsson, fyrrv. ráðherra, til mín til þess að vita, hvort ég vildi eða gæti borið út úr kirkjunni með öðrum Oddfellowum. En ég treysti mér ekki til að reyna það á mig og beiddi hann að afsaka mig. Sagði hann mér að Klemens Jónsson treysti sér heldur ekki. Í gærkveldi var logn og yndislegt veður. En í nótt rauk hann upp á suðaustan og fór að rigna mikið með morgninum. Það var því ekki árennilegt að fylgja **Sighvati** í dag og var ég á báðum áttum, hvort ég ætti að fylgja. Þótti mér mjög leitt, ef þeg þyrfi að sitja heima. En svo stytta skjótlega upp um hádegisd. Rofaði til milli skýja og sólin fór að skína. Kl. um 1 ¼ fór ég svo upp að húsi **Sighvatar** og gekk þar inn í fylkinu Oddfellowa, sem komin var þar rétt á undan mér og yfirgef ég fylkinguna ekki upp úr því. Processía Oddfellowa gekk á undan kistunni í kirkju og úr, eins og vant er við slík tækifæri. Næst á eftir fylkingu Oddfellowa, en hún var löng og gengu tveir og tveir samhliða, gekk verzlunarmannfélagið með fána sinn í broddi fylkingar og var það einnig löng fylking (tveir og tveir samsíða). Þá kom líkvagninn, svo nánustu ættingjar og loks aðrir í líkfylgdinni. Inn í kirkjuna báru kistuna starfsmenn Íslandsbanka, ásamt tveimur bankastjórum, Sig. Eggertz og Kristjáni Karlssyni. En út úr kirkjunni báru Oddfellowar, þar á meðan Eggert Claessen, bankastjóri. Inn í kirkjugarðinn sá ég að Kaaber bankastjóri bar kistuna ásamt öðrum, sem ég hugg að hafi verið verslunarmenn. Séra Friðrik Hallgrímsson hélt ræðuna í kirkjunni, snotra ræðu, og ég held að hann hafi einnig talað í heimahúsum. Við gröfina kastaði séra Friðrik einnig moldum. Við Oddfellowar stóðum í stórum hring kringum leiðið eins og vandi Oddfellowa er. Að lokinni athöfninni við gröfina leystist fylkingin upp og hver gekk burtu sem hann vildi. (Séra Bjarni Jónsson hélt húskveðjuna). Meðan á jarðarförinni stóð var sólskin og hlýtt, en töluvert hvasst. Allar, að minnsta kosti stærri búðir, og bankarnir og skrifstofur voru lokaðir á meðan á jarðarförinni stóð. Flöggun í hálfu stöng, var almenn, eins og lög gera ráð fyrir. Í gær tók ég eftir því að allur gamli snjórinn í Esjunni er gjörsamlega horfinn. Er þetta mjög sjaldgæft. Það hvað vera gamalla mann mál, að ef snjór hverfi úr Gunnlausskarði, verði harður vetur.”